



## Nordatlantisk gymnasielasse Norður-Atlantshafsbekkurinn

Fjórir framhaldsskólar, Gribskov Gymnasium í Danmörku, GUX Sisimiut á Grænlandi, Miðnám á Kambsdali í Færeyjum og Verzlunarskóli Íslands, standa saman að framsæknu samstarfsverkefni um 3ja ára nám til stúdentsprófs af náttúrufræðibraut. Um er að ræða einstaka námsbraut með sérstaka áherslu á norðurskautstækni. Verkefnið felur í sér að mynda blandaðan framhaldsskólabekk með nemendum frá öllum fjórum löndunum. Í þennan bekk innritast nemendur sem ljúka 10. bekk nú í vor. Nemendur útskrifast með fullkomlega gilt danskt stúdentspróf og fer kennslan fram á dönsku.

Námið er skipulagt þannig að nemendur byrja í Danmörku í Gribskov Gymnasium og þar munu nemendurnir frá Íslandi, Færeyjum, Danmörku og Grænlandi vera allt 1. námsárið. Nemendur munu búa í nýjum nemendahíbýlum við hliðina á skólanum. Frá Danmörku fer bekkurinn síðan til Færeyja í 2. bekk á haustönn í Miðnám menntaskólann í Kambsdal. Nemendurnir búa hjá færeyskum fjölskyldum á Austureyju. Á vorönn á 2. ári verður bekkurinn í Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík. Hér búa nemendur einnig hjá íslenskum fjölskyldum. Á síðasta og 3. námsári verður bekkurinn í GUX menntaskólanum í Sisimiut á vesturströnd Grænlands. Þar munu nemendur búa á nemendagarði í Sisimiut.

Námið hófst haustið 2019 og eru 6 nemendur frá Íslandi í 1. árgangi bekkjarins.

Athugið að sérstakur kynningarfundur um námið verður haldinn í Verzlunarskólanum þriðjudaginn 25. febrúar, klukkan 16:00. Auk almennrar kynningar á náminu mun nemandi, sem er nú nemandi í NGK-bekknunum, segja frá sinni upplifun og svara spurningum.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 29. febrúar 2020. Íslenskir nemendur senda inn umsókn á [verslo@verslo.is](mailto:verslo@verslo.is) og [post@gribskovgymnasium.dk](mailto:post@gribskovgymnasium.dk). Umsóknin skal vera á dönsku og þar segja nemendur frá sjálfum sér hvað þeir hafa gert fyrir utan námið og láta fylgja með einkunnir og umsagnir ef einhverjar eru fyrir hendi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans: <https://www.verslo.is/namid/nordur-atlantshafsbekkurinn/>.